



BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2025

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2025

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2024. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik. Allir skólar sem taka þátt fá glærur og myndbönd um kvikmyndafræði.

Í boði eru margar nýjar og spennandi myndir fyrir breiðan hóp barna og unglinga, eins og Minningar snigils, ástralska teiknimynd um unga stúlku sem er utangarðs og er aðskilin tvíburabróður sínum, einangrar sig og fer að safna sniglum þar til hún öðlast nýja von. Önnur mynd af svipuðu tagi er hugljúfa myndin Dansdrottningin, þar sem ung stúlka skráir sig í danskeppni vegna hrifningar á nýja stráknum í skólanum og þarf að læra að dansa með hjálp ömmu sinnar. Gullfallega verðlaunamyndin Kisi er á boðstólum fyrir yngri börn ásamt Brave og Ernest og Celestínu.

Kvenímyndir eru áberandi í úrvalinu í vor ásamt öðrum samfélagslegum málefnum eins og einelti, sorg, foreldramissir, listsköpun, fegrunarstaðlar og réttindi dýra. Þýska myndin Rocca breytir heiminum sýnir jákvæða, bjartsýna og góðhertada unga stúlku sem tekur á erfiðum málum með því að hugsa út fyrir kassann. Í flokki Bíóklassíkur sýnum við hina stórskemmtilegu unglíngamynd Clueless frá 1995, en myndin er nútíma útgáfa á skáldsögu Jane Austen, Emma, frá 1815, og er mikil ádeila á fegrunarstaðla unglinga sem á vel við í dag.

Hundur fyrir rétti er glæný, frönsk gamanmynd sem fjallar um lögfræðing sem tekur að sér hund með sakaferil og varpar ljósi á hvernig það er að eiga hund með hegðunarvandamál. Danska spennamyndin Hinn seki sýnir mann í baráttu við samvisku sína, sem tekur að sér að hjálpa konu sem hefur verið rænt. Við vörpum ljósi á kvikmyndagerð Coenbræðra með O Brother Where Art Thou, sem er bráðskemmtileg útgáfa á Odysseifskviðu. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi í vor.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2025

MINNINGAR SNIGILS 7.-10.bekkur

ROCCA BREYTIR HEIMINUM 5.-7.bekkur

BRAVE 1.-4.bekkur

ERNEST OG CELESTÍNA 1.-4.bekkur

HINN SEKI 9-10.bekkur


DANSDROTTNINGIN 6.-9.bekkur

O BROTHER WHERE ART THOU 8.-10.bekkur

HUNDUR FYRIR RÉTTI 7.-10.bekkur

KISI 2.-5.bekkur

CLUELESS 8.-10.bekkur



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bío Paradís



MINNINGAR SNIGILS



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, drama 2024

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Ástralía

LEIKSTJÓRI: Adam Elliot

AÐALHLUTVERK: Dominique Pinon, Nick Cave, Sarah Snook

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Grace Pudel er ung stúlka sem býr ásamt tvíburabróður sínum og föður í Melbourne í Ástralíu á áttunda áratugnum. Þegar faðir hennar deyr er hún skilin frá bróður sínum og send til fósturfjölskyldu. Grace er utanveltu og sorgmædd svo hún fer að safna sniglum, rómantískum skáldsögum og naggrísunum. Líf hennar breytist þegar hún kynnist hinni líflegu Pinky og hjartaknúsanum Ken, en margt fer öðurvísi en ætlað er.

Stórkostleg leirmynd úr smiðju höfunda Mary and Max og er byggð á minningum leikstjórans Adam Elliot. Hún fjallar um erfiðleika lífsins á hjartnæman og kostulegan hátt og vonin um betra líf er handan við hornið.

ROCCA BREYTIR HEIMINUM



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, 2019

LENGD: 102 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Þýskaland

LEIKSTJÓRI: Katja Benrath

AÐALHLUTVERK: Luna Maxeiner, Caspar Fischer-Ortmann, Barbara Sukowa

TUNGUMÁL: Þýska með enskum texta

Rocca er ellefu ára gömul stúlka sem lifir óvenjulegu lífi. Faðir hennar er geimfari og fylgist með henni úr geimnum, en Rocca býr ein með íkornanum sínum. Hún er full af jákvæðni og bjartsýni og tekst jafnvel að lenda flugvél á eigin spýtur. Þegar hún er send til ömmu sinnar í Hamborg þarf hún að ganga í venjulegan skóla. Þar tekst hún á við eineltishrotta, hjálpar heimilisláusum manni og reynir að vinna hjarta ömmu sinnar sem hefur aldrei fyrirgefið henni þar sem móðir hennar lést þegar Rocca fæddist.

Rocca er staðráðin í að gera allt til að réttlætið nái fram að ganga og er óhrædd við að berjast við kerfið. Hún lendir í ýmsum ævintýrum þegar hún tekst á við nýja lífið sitt, en það má með sanni segja að jákvæðni hennar og réttlætiskennnd eigi þátt í að breyta heiminum.

Myndin er gerð eftir hugmynd Astrid Lindgren sem skrifaði m.a. bækurnar um Línu langsokk, en margt er einmitt líkt með Línu og Roccu.

BRAVE



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 2012

LENGD: 93 MIN

LAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Mark Andrews, Brenda Chapman

AÐALHLUTVERK: Kelly Macdonald, Billy Connolly, Emma Thompson

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Brave gerist í skosku hálöndunum og segir frá Meridu prinsessu, dóttur Fergusar konungs og Elonor drottningu, sem er fádæma góður bogmaður og sérlega óstýrilát. Samkvæmt helgum venjum konungdæmisins á Merida á giftast en hún kærir sig alls ekki um það því hún virðir frelsi sitt of mikið. Þessi ákvörðun Meridu veldur miklum usla í konungdæminu og til að koma málunum í réttan farveg aftur, leitar hún hjálpar hjá gamalli og göldróttri konu.

Einn af leikstjórum myndarinnar, Brenda Chapman, vildi með þessari mynd skapa raunverulegri kvenhetju sem gæti verið raunhæfari fyrirmynd stúlkna en hinar dæmigerðu staðalímyndir í Disneymyndum. Merida þráir frelsi og sjálfstæði og sýnir mikið hugrekki til að ná takmarki sínu.

ERNEST OG CELESTÍNA



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 2012

LENGD: 80 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: FRAKKLAN, BELGÍA

LEIKSTJÓRI: Stéphane Aubier, Daniel Pennac

AÐALHLUTVERK: Lambert Wilson, Pauline Brunner, Anne-Marie Loop, Patrice Melennec

TUNGUMÁL: Íslenskt tal

Ernest og Celestína er frönsk/belgísk teiknimynd byggð á samnefndum teiknibókum eftir Gabrielle Vincent. Hún segir frá músinni Celestínu sem elst upp á fósturheimili fyrir mús og dreymir um að verða frægur listmálari, en á að verða tannlæknir þegar hún stækkar.

Þótt birnir séu óvinir músanna í myndinni, kynnist Celestína birninum Ernest sem langar til að verða tónlistarmaður, en átti að gerast dómari eins og aðrir í fjölskyldunni. Ernest og Celestína verða vinir og lenda í ýmsum spennandi ævintýrum.

HINN SEKI



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2018

LENGD: 84 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Gustav Möller

AÐALHLUTVERK: Jakob Cedergren, Jessica Dinnage, Johan Olsen

TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta

Danskur spennutryllir eins og þeir gerast bestir! Lögreglumaðurinn Asger Holm er kominn í skrifstofustarf við að svara símtölum í neyðarlínuna og er ekki sá þolinmóðasti í bransanum.

Dag einn fær hann símtal frá konu sem hefur verið rænt og það reynir á taugar hins fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns þegar slóðin virðist teygja sig dýpra í glæp sem hann óraði ekki fyrir.

Hinn seki hlaut áhorfendaverðlaunin á bæði Sundance og Rotterdam, og hefur verið sýnd á sumum stærstu kvikmyndahátíðum heims við einróma lof gagnrýnenda. Hún var framlag Dana til Óskarsverðlaunanna 2018.

DANSDROTTNINGIN



TEGUND OG ÁR: Drama, fjölskyldumynd, 2023

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 92 mínútur

LEIKSTJÓRI: Aurora Langaas Gossé

LEIKARAR: Anders Baasmo Christiansen, Andrea Bræin Hovig, Cengiz Al, Liv Elvira Kippersund Larsson

TUNGUMÁL: Norska með íslenskum texta

Mina er 12 ára. Henni bregður í brún þegar frægur götudansari byrjar í skólanum hennar. Hún ákveður í kjölfarið að taka þátt í áheyrnaprufum fyrir danshóp til þess að ganga í augun á nýja stráknum. Eina vandamálið er að hún kann ekki að dansa!

Leikstjórinn, Aurora Langaas Gossé, hefur unnið mikið með börnum og unnið við kvikmyndir um Andra og Eddu og Superhero Academy þættina. Hana langaði til að gera kvikmynd þar sem dans var aðalatriðið fyrir krakka á aldrinum 8-12 ára.

Myndin er undir miklum áhrifum frá Billy Elliot, Dirty Dancing og Little Miss Sunshine, þar sem umfjöllunarefnið er ekki aðeins dans, heldur lífsbreyting og þroskasaga.

O BROTHER, WHERE ART THOU?



TEGUND OG ÁR: Leikin gamanmynd, 2000

LENGD: 107 mínútur

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Cohen

AÐALHLUTVERK: George Clooney, John Turturro, John Goodman

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin er lauslega byggð á Ódysseifskviðu eftir Hómer, og fjallar um flækingana Everett Ulysses McGill og féлага hans Delmar og Pete á fjórða áratug síðustu aldar í Mississippi í Bandaríkjunum. Þeir stínga af úr verkaflokki sem vinnur við lagningu járnbrautar, og reyna að komast heim til Everetts til að endurheimta grafinn ránsfeng úr bankaráni. Á ferð sinni rekast þeir á ýmsar skrítnar persónur, þám. æstan Ku Kux Klan hóp, sem og blindan spámann, sem varar þríeykið við með þeim orðum að "fjárjóðurinn sem þið leitið að er ekki fjársjóðurinn sem þið finnið."

O Brother, Where Art Thou? er ein af þekktustu myndum Cohen-bræðra og hefur vakiðverðskuldaða athygli fyrir óvenjulega frásögn og skemmtilegan leik.

HUNDUR FYRIR RÉTTI



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, 2024

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland, Sviss

LENGD: 81 mínútur

LEIKSTJÓRI: Laetitia Dosch

LEIKARAR: Jean-Pascal Zadi, Mathieu Demy, Laetitia Dosch, François Damiens

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta

Myndin segir frá Avril, ungum lögfræðingi, sem sérhæfir sig í réttindum dýra. Hún tekur að sér erfiðan skjólstæðing, hundinn Cosmos, sem hefur bitað þrjár konur og reynir að bjarga honum frá lífláti. Eigandi Cosmos er sjónskertur utangarðsmaður sem sér fram á kostnaðarsöm málaferli, en þegar Avril samþykkir að taka að sér málið verða réttarhöldin yfir Cosmos fyrsta réttarmálið gegn dýri síðan á miðöldum.

Málið vekur mikla fjölmiðlaathygli og samskiptin við hundinn Cosmos veldur því að Avril endurskoðar sitt eigið líf, lagareglur og mannleg samskipti. Á Cosmos sér einhverjar málsbætur og hvernig stendur á því að hann virðist bíta konur frekar en karlmenn?

Myndin vann Palm Dog, sérleg hundaverðlaun á kvikmyndahátíðinni Cannes 2024!

KISI



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, drama, grínmynd, 2024

FRAMLEIÐSLULAND: Belgía, Frakkland, Lettland

LENGD: 84 mínútur

LEIKSTJÓRI: Gints Zilbalodis

Aðalhlutverk:

Tungumál: EKKERT TAL

Kisi er einmana dýr og eftir mikið flóð, finnur hann skjól á báti sem er byggður af allskonar dýrum og upphefst ævintýraferð þar sem samvinna dýranna skiptir öllu máli.

Myndin hefur hlotið einróma lof gangrýnenda og hlaut dómnefndar- og áhorfendaverðlaunin á Annecy kvikmyndahátíðinni 2024.

Myndin vann sem besta teiknimyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2024!

CLUELESS



TEGUND OG ÁR: Grínmynd, unglíngamynd, 1995

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 97 mínútur

LEIKSTJÓRI: Amy Heckerling

LEIKARAR: Alicia Silverstone, Stacey Dash, Brittany Murphy

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Í *Clueless* segir frá menntaskólastúlkunni Cher, sem kemur úr ríkri fjölskyldu og virðist hugsa mest um fatnað og snyrtivörur. Þótt hún sé yfirborðskenned hefur hún gott hjartalag og er snjöll, aðlaðandi og klár. Til að bæta heiminn hefur hún ákveðið að gerast hjónabandsmiðlari og þússa saman ólíklegustu pör og lærir þannig margt um sjálfa sig.

Clueless er byggð á skáldsögunni Emma eftir Jane Austín frá árinu 1815. Emma er auðug stúlka sem vill gera góðverk og hjálpa konum sem eru utangarðs rétt eins og Cher í Beverly Hills.


Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bío Paradís



SÝNINGAR:



FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR KL. 13:00 – HUNDUR FYRIR RÉTTI

ÞRIÐJUDAGUR 28. JANÚAR KL. 10:00 – MINNINGAR SNIGILS

ÞRIÐJUDAGUR 28. JANÚAR KL. 13:00 – HINN SEKI

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR KL. 10:00 – BRAVE

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR KL. 13:00 – O, BROTHER WHERE ART THOU

FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 10:00 – CLUELESS

FIMMTUDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 13:00 – MINNINGAR SNIGILS

ÞRIÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR KL. 10:00- ROCCA BREYTIR HEIMINUM

ÞRIÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR KL. 13:00 – DANSDROTTNINGIN

VETRARFRÍ





FIMMTUDAGUR 27. FEBRÚAR KL. 10:00 – KISI

FIMMTUDAGUR 27. FEBRÚAR KL. 13:00 – HINN SEKI

FIMMTUDAGUR 6. MARS KL. 10:00 – DANSDROTTNINGIN/MINNINGAR SNIGILS

FIMMTUDAGUR 6. MARS KL. 13:00 – CLUELESS

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 10:00 – BRAVE

ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 13:00 – MINNINGAR SNIGILS

FIMMTUDAGUR 20. MARS KL. 10:00 – CLUELESS

FIMMTUDAGUR 20. MARS KL. 13:00 – KISI

ÞRIÐJUDAGUR 25. MARS KL. 10:00 – HINN SEKI/DANSDROTTNINGIN

ÞRIÐJUDAGUR 25. MARS KL. 13:00 – ROCCA BREYTIR HEIMINUM

FIMMTUDAGUR 3. APRÍL KL. 10:00 – HUNDUR FYRIR RÉTTI

FIMMTUDAGUR 3. APRÍL KL. 13:00- MINNINGAR SNIGILS

ÞRIÐJUDAGUR 8. APRÍL KL. 10:00 -KISI/ O, BROTHER WHERE ART THOU

ÞRIÐJUDAGUR 8. APRÍL KL. 13:00 – CLUELESS



PÁSKAFRÍ

FIMMTUDAGUR 25. APRÍL KL. 10:00 – BRAVE

FIMMTUDAGUR 25. APRÍL KL. 13:00 – ROCCA BREYTIR HEIMINUM

ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ KL. 10:00 – DANSDROTTNINGIN

ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ KL. 13:00 – CLUELESS

ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ KL. 10:00 – ERNEST OG CELESTÍNA

ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ KL. 13:00 – O, BROTHER WHERE ART THOU



Pöntun þarf að vera skýr og skilmerkileg þar sem heiti myndar, dagsetning, nafn skóla og fjöldi nemenda kemur skýrt fram.

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistösk og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í söllum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA VORID 2025

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

JANÚAR

fim	23.1.2025	10:00 Ernest og Celestína	1.-4. bekkur	[Orange bar]	
fim	23.1.2025	13:00 Hundur fyrir rétti	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
þri	28.1.2025	10:00 Minningar snigils	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
þri	28.1.2025	13:00 Hinn seki	9.-10. bekkur	[Orange bar]	

FEBRÚAR

þri	4.2.2025	10:00 Brave	1.-4. bekkur	[Orange bar]	
þri	4.2.2025	13:00 O Brother where art thou	8.-10. bekkur	[Orange bar]	
fim	13.2.2025	10:00 Clueless	8.-10. bekkur	[Orange bar]	
fim	13.2.2025	13:00 Minningar snigils	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
þri	18.2.2025	10:00 Rocca breytir heiminum	5.-7. bekkur	[Orange bar]	[Green bar]
þri	18.2.2025	13:00 Dansdrottningin	6.-9. bekkur	[Orange bar]	[Green bar]

VETRARFRÍ

FEBRÚAR

fim	27.1.2025	10:00 Kisi	2.-5. bekkur	[Orange bar]	
fim	27.1.2025	13:00 Hinn seki	9.-10. bekkur	[Orange bar]	

MARS

fim	6.3.2025	10:00 Dansdrottningin/Minningar snigil	6.-9. bekkur/7.-10. bekkur	[Purple bar]	
fim	6.3.2025	13:00 Clueless	8.-10. bekkur	[Orange bar]	
þri	11.3.2025	10:00 Brave	1.-4. bekkur	[Orange bar]	
þri	11.3.2025	13:00 Minningar snigils	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
fim	20.3.2025	10:00 Clueless	8.-10. bekkur	[Orange bar]	
fim	20.3.2025	13:00 Kisi	2.-5. bekkur	[Orange bar]	
þri	25.3.2025	10:00 Hinn seki/Dansdrottningin	9.-10. bekkur/6.-9. bekkur	[Purple bar]	[Purple bar]
þri	25.3.2025	13:00 Rocca breytir heiminum	5.-7. bekkur	[Orange bar]	[Green bar]

APRÍL

fim	3.4.2025	10:00 Hundur fyrir rétti	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
fim	3.4.2025	13:00 Minningar snigils	7.-10. bekkur	[Orange bar]	
þri	8.4.2025	10:00 Kisi/O Brother where art thou	2.-5. bekkur/8.-10. bekkur	[Purple bar]	[Purple bar]
þri	8.4.2025	13:00 Clueless	8.-10. bekkur	[Orange bar]	

PÁSKAFRÍ

APRÍL

fim	25.4.2024	10:00 Brave	1.-4. bekkur	[Orange bar]	
fim	25.4.2025	13:00 Rocca breytir heiminum	5.-7. bekkur	[Orange bar]	[Green bar]

MAÍ

þri	6.5.2025	10:00 Dansdrottningin	6.-9. bekkur	[Orange bar]	[Green bar]
þri	6.5.2025	13:00 Clueless	8.-10. bekkur	[Orange bar]	[Orange bar]
þri	13.5.2025	10:00 Ernest og Celestína	1.-4. bekkur	[Orange bar]	
þri	13.5.2025	13:00 O Brother where art thou	8.-10. bekkur	[Orange bar]	

[Orange bar] Hentar viðkomandi aldurshópi
 [Green bar] Getur hentað
 [Purple bar] Tvær myndir sýndar á sama tíma

KVIKMYNDIR



ERNEST OG CELESTÍNA – Teiknimynd, ævintýri, óvenjuleg vinátta, heimur músa og bjarna, að fylgja sannfæringu sinni, jákvæðni, hugrekki, lífsleikni. 1.-4. bekkur.

BRAVE – Teiknimynd, ævintýri, kvenréttindi, að fylgja sannfæringu sinni, fjölskyldutengsl, glíma við þrautir, galdrar, sjálfstæði, hugrekki. 1.-4. bekkur.

ROCCA BREYTI HEIMINUM – Gamanmynd, óvenjulegir hæfileikar ellefu ára stúlku, sjálfsöryggi, jákvæðni, bjartsýni, samband feðgina, ömmu og dótturdóttur. Markmiðasetning, lífsleikni, hugrekki, 5.-7. bekkur.

MINNINGAR SNIGILS – Teiknimynd, Stop motion, leirmynd, fátækt, systkini aðskilin af félagsmálastofnun, áföll, söfnunarárátta, sniglar, einmanaleiki, að vera utangarðs, að finna sig, byggja upp nýtt líf, þroskasaga, 7.-10. bekkur

DANSDROTTNINGIN – Þroskasaga, dans, samband ömmu og dótturdóttur, unglingar, sjálfsímynd, fegurðarstaðlar, að finna sig, markmiðasetning, hugrekki, hugljúf, 6.-9. bekkur.

HINN SEKI– Spennumynd, neyðarlínan, lögregla, brottmál, fjölskyldumál, bjargvættur, geðræn vandamál, 9.-10. bekkur.

HUNDUR FYRIR RÉTTI – Gamanmynd, hundar, dýravernd, lögfræði, réttarhöld yfir dýrum á miðöldum, samskipti manna og hunda, hugrekki, markmiðasetning, 7.-10. bekkur.

CLUELESS– Bíóklassík, unglingar í Beverly Hills, að gera góðverk, koma þörum saman, þroskasaga, útgáfa af Emmu eftir Jane Austen frá 1815, spenna, skemmtun, 8.-10. bekkur.

KISI– Teiknimynd, einmanaleiki, flóð, samstaða meðal mismunandi dýra, samheldni, ævintýri, markmiðasetning, fegurð, hugljúf, 2.-5. bekkur.

O BROTHER, WHERE ART THOU – Ódysseifskviða, flótti úr fangelsi, kynni við ýmsar kynjaverur, leit að fjársjóði, Ku Klux Klan, kvikmyndagerð Coen bræðra, gamanmynd, 8.-10. bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: [Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís](#)

